

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 1.nóvember 2012 kl. 17.00

Fundinn sátu: Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.



1. Málþing ÍBA 16.nóvember um íþróttaiðkun barna og unglunga

Haukur sagði frá fundi með stjórnanda þingsins Ágústi Þór Árnasyni og öðrum undirbúningi fyrir málþingið. Rætt var um að reyna að fá fleiri aðila að málinu til þess að dreifa kostnaðinum.

2. Húsnæðismál Draupnis

Rædd voru húsnæðismál Draupnis. Borist hefur rökstuðningur Draupnis fyrir ósk sinni um nýja aðstöðu fyrir júdóstarfsemi sína og einnig báust upplýsingar varðandi þessi mál í tölvupóstbréfi frá formanni KA. Um er að ræða flutning á starfsemi Draupnis úr Íþróttahúsi KA, Lundarskóla, í húsnæði Þrekhallarinnar við Skólástíg þar sem ÍBA hefur leigt aðstöðu fyrir Golfklúbb Akureyrar. Tæplega 3 ár eru eftir af samningi ÍBA við Þrekhöllina og Golfklúbburinn er tilbúinn að færa sig úr því húsnæði. Ekki hefur verið hægt að losa ÍBA undan þeim samningi og því hentar það vel að flytja starfsemi Draupnis þangað og nýta húsnæðið.

Stjórn ÍBA samþykkti á stjórnarfundinum flutninga á starfsemi Draupnis frá KA heimilinu í ofanefnt húsnæði Þrekhallarinnar í Íþróttahöllinni (sem GA notaði áður). Samþykkið er með þeim fyrirvörum að breytingin hafi ekki aukinn kostnað í för með sér fyrir Bandalagið og að séð sé til þess að aðstaðan, fyrir áframhaldandi starfsemi á báðum stöðum, verði viðunandi eftir flutninginn.

3. UFA á fund

Bréf barst frá UFA þar sem leitað er eftir samstarfi við ÍBA um að halda unglingalandsmót á Akureyri 2015. Gunnar Gíslason formaður UFA kom á fundinn og kynnti málið. Einnig er gerð tillaga að ungmenni frá Akureyri mæti á unglingalandsmót í framtíðinni undir merkjum ÍBA. ÍBA taki frumkvæði sjái um skipulag og forystu. Aðildarfélögin/íþróttirnar sem í hlut eiga eru Óðinn, GA, KA, Þór, Léttir, KKA, Nökkvi. Fram kom að mótshaldið telst gott forvarnarverkefni. Mótið var síðast haldið á Selfossi með ríflega 2000 keppendur, 11-18 ára og um 12-15 þús manns í allt en búist er við fækkun vegna fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu. Þátttökugjald var 6.000 og þá allt innifalið og hefur stjórn og framskstj UMSE haldið utanum skráningar og innheimtu. Gunnar sagði vera nauðsynlegt að stofna undirbúningsnefnd en byrja á því að fulltrúar ÍBA og UFA fundi með Ómari Braga Stefánssyni landsfulltrúa UMFÍ til að fá upplýsingar um framkvæmdina. ÍBA myndi síðan hafa frumkvæði af því að kalla eftir samstarfi við aðildarfélögin og Akureyrarbæ. Vel var tekið í hugmyndina og ákveðið var að kynna hana á formannafundinum.

4. ÍSÍ málþing um konur og íþróttir

Samþykkt var að ÍBA sendi tvo fulltrúa, Hauk og Margréti.

5. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður 23.nóvember, samþykkt var að þröstur verði fulltrúi ÍBA á fundinum.

6. Afreks og styrktarsjóður Ak.

Ný reglugerð hefur verið samþykkt um Afreks- og styrktarsjóð. 5 aðilar eru í stjórn formaður og einn annar frá ÍRA og 3 frá ÍBA. Óskað var eftir að ÍBA tilnefndi tvo kvenkyns fulltrúa. Haukur tók að sér að athuga með Fríðu Pétursdóttur og Sonju Sif Jóhannsdóttur. Fram kom að Nói Björnsson er að hætta sem formaður og var kveðju skilað frá honum með þakklæti fyrir samstarfið.

7. Bréf frá Andrésar Andarnefndinni

Bréf barst frá Andrésar Andarnefnd með beiðni um að ÍBA beiti sér fyrir að ekki verði úrslit í handbolta í Íþróttahöllinni á sama tíma og setningarathöfn leikanna eins og síðast. Samþykkt var að senda bréf til HSÍ um að ef til þess kæmi að Akureyri verði í úrslitum þá yrði tekið tillit til þess að Íþróttahöllin er bókuð á þessum tíma og annar tími valinn. Hörður tók að sér að kanna málið fyrst.

8. Formannafundur ÍBA

Ákveðið var að hafa formannafund 29.nóvember n.k. Haukur var með hugmynd að fyrirlesara og tók að sér að ræða við viðkomandi. Rætt var um mætingar á formannafundi og kom fram að sum sambönd beita prósentuskerðingu lottógreiðslna ef ekki mætt á formannafundi. Fundarmenn töldu eðlilegt að rætt yrði um að setja slíkt í lög ÍBA. Þóra tók að sér að finna stað fyrir fundinn.

9. Önnur mál.

Erindi barst frá Kraftlyftingafélaginu með fyrirspurn varðandi fjárstuðning.

Bréf barst frá ÍSÍ um að Harmrarnir væru komnir í keppnisbann vegna þess að skýrslum hefur ekki verið skilað inn.

Til ÍBA hafa aðilar leitað til að fá aðstoð við að stofna nýtt félag um andspyrnu (Rugby) kallað Drekar. Ákveðið var að benda þeim á félag sem hefði ekki virka starfsemi og væri hugsanlega hægt að endurlífga.

Þóra sagði frá fundi með FIMAK og Ellert Erni Erlingssyni forstöðumanni íþróttamála, þar sem rædd voru ýmis vandamál s.s. þörf á hærra rekstrarframlagi og eineltismálum.

Bréf barst frá Mennta- og menningarráðuneyti um styrk til uppbyggingar á barna- og unglingastarfi. Ákveðið var að senda inn umsókn með greinargerð um Málþingið sem stendur til að halda um börn og íþróttir.

Rædd voru mál nýstofnaðar brettadeildar SKA sem hafa komið upp nýverið og gætu haft neikvæð áhrif á framgöngu íþróttarinnar innan ÍSÍ.

Fundi slitið kl.19.10